

Grindavík, 1. febrúar 2009

**Menntamálaráðherra,
frú Katrín Jakobsdóttir**

Bréf þetta viljum við hefja með því að óska þér allra heilla sem ráðherra menntamála.

Fyrirverandi menntamálaráðherra átti mikilvægan þátt í því að ný lög um framhaldsskóla voru samþykkt s.l. vor. Við erum reyndar þeirrar skoðunar að með því að koma lögum í gegn á öllum skólastigum hefur Þorgerður Katrín markað spor í fræðslumálum landsins.

Þessi lög fela í sér ýmis nýmæli og móta rammann um rekstur og starfsemi skólans og í því sambandi er talið eðlilegt að sami aðili fari með rekstur og ábyrgð á öllu skólastarfi, allt til loka framhaldsskólastigsins. Það er einnig af mörgum talið árangursríkt að flytja framhaldsskólann til sveitarfélaga.

Það má benda á að samtímis veita löginn heimild til að efla þróunarstarf á þessu skólastigi. Sérstaklega skal taka tillit til aðstæðna í heimabyggð. Í samantekt verkefnisstjóra er bent á sérstöðu Grindavíkur.

Hin nýju lög og þeir möguleikar sem þau fela í sér vöktu áhuga í bæjarstjórn Grindavíkur um stofnun menntaskóla í byggðinni.

Fulltrúar bæjarins áttu fund með menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur á síðasta ári. Ráðherra taldi nauðsynlegt að undirbúningur að stofnun slíks skóla í Grindavík hæfist með könnun á aðstæðum og síðan yrði ráðuneytinu flutt rökstutt beiðni um stofnun menntaskóla.

Viðbrögð bæjarstjórnar voru þau að skipa undirbúningsnefnd og ráða sérstakan verkefnisstjóra.

Síðan þá hefur markvisst verið unnið að málinu. Undirbúningsnefndin hefur fundað tíu sinnum og nú liggur fyrir nákvæm skýrsla um stofnun skólans, aðstæður í Grindavík, þörf fyrir skólann og félagslega miðstöð, skipan og gerð væntanlegs skóla og hönnun hans. Það má benda á að Grindvíkingar hafa tekist á um staðsetningu mennta- og menningarhúss. Nú ríkir almenn sátt um að þetta hús verði á lóð þeirri sem Festi stendur á. Festi á sterkar rætur í hugum Grindvíkinga. Þar á mennta- menningarhús að vera.

Bæjarstjóri sendi formlega beiðni um stofnun framhaldsskóla í Grindavík og óskaði eftir fundi með menntamálaráðherra í september síðast liðnum. Þar vildi bæjarstjóri leggja fram umbeðna skýrslu. Það hefur valdið vonbrigðum að ráðherra varð ekki við þeirri ósk. Skilaboð ráðuneytissins voru þau að ráðuneytisstjóri væri tilbúinn að funda með fulltrúum Grindavíkur. Fyrst var því hafnað af bæjarstjóra en að lokum var ákveðið að funda með ráðuneytisstjóra og tveimur sérfræðingum ráðuneytisins.

Þeir höfðu að sjálfsgöðu ekki umboð til að samþykkja skóla, en voru jákvæðir og vildu stofna nefnd með tveimur fulltrúum ráðuneytisins og fulltrúum Grindavíkur, sem fylgdi málinu eftir. Þeir höfðu á orði að enginn skóli hefði verið stofnaður án slíks formlegs undirbúnings. Næsta skref yrði að ráðuneytið hefði samband við bæjarstjórnann í Grindavík. Bæjarstjóri og aðrir fulltrúar ásamt verkefnisstjóra fögnuðu þessum málalyktum og kváðust binda miklar vonir við störf þessa samráðshóps.

Menntamálaráðuneytið hefur enn ekki skipað fulltrúa í þessa nefnd, þrátt fyrir ítrekaða beiðni af hálfu Grindvíkinga.

Í Grindavík ríkir áhugi og einhugur um nauðsyn þess að framhaldsskóli verði stofnaður og kennsla geti hafist haustið 2009. Í þessu sambandi má benda á að fjárútlát ríkisins munu ekki aukast til muna. Stefnt er að því að um fimmtíu nemendur stundi nám við skólann næsta haust. Greiðslur sem annars færu til Fjölbrautaskóla Suðurnesja kæmu til skólans í Grindavík, greiðslur vegna jöfnunar nemenda í dreifbýli féllu niður, kostnaður vegna skólaaksturs væru aflagðar og hinn mikli kostnaður foreldra í Grindavík vegna skólasóknar og dvalar í Reykjanesbæ sparaðist.

Sú kreppa sem lagst hefur á okkur Íslendinga er áhyggjuefni, það er talið að menntun sé ein áhrifaríkasta aðgerð gegn henni. Stofnun framhaldsskóla er því svar okkar. Það er okkur mikið gleðiefni að síðustu árgangar í grunnskóla okkar hafa sýnt gríðarlegar framfarir á samræmdum prófum. Við viljum mæta þessum árgöngum þannig að þeir geti stundað framhaldssnám í heimabyggð.

Í Grindavík er atvinnuleysi um 2%. Það er of mikið, en þó mun minna en annars staðar. Við viljum þó sem fyrr leggjast á árar og koma í veg fyrir að atvinnuleysi skjóti hér rótum. Við viljum því þegar hefja undirbúning að hönnun og byggingu mennta- og menningarhúss í byggðarlaginu. Slíkt verkefni mun skapa fjölda fólks atvinnu og hjálpa okkur í gegnum erfiða tíma. Í fræðunum er því haldið fram að á krepputímum eigi hið opinbera að framkvæma. Við viljum gera það.

Nú er það ákveðin ósk okkar, að þú sjáir þér fært að eiga fund með okkur við fyrsta tækifæri um þetta mál því við erum að brenna á tíma.

Bestu kveðjur,

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, bæjarstjóri

Eyjólfur Bragason, verkefnisstjóri

Afrit sent til þingmanna kjördæmisins.

